



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Starfshópur ríkislögreglustjóra:
Tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í
stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar.

Formáli

Embætti ríkislögreglustjóra hafði frumkvæði að því að vinna rannsókn á vinnumenningu lögreglunnar, í samvinnu við námsbraut í kynjafræði við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Niðurstöður könnunarinnar lágu fyrir í október 2013. Könnunin leit m.a. að líðan og samskiptum í starfi, samspili vinnu og einkalífs og viðhorfi til stöðu karla og kvenna innan lögreglunnar. Tilgangur könnunarinnar var m.a. að skoða af hverju lögreglukonur eru svo fámenningar meðal starfandi lögreglumanna þrátt fyrir að hlutfall þeirra af brautskráðum nemendum Lögregluskóla ríkisins hafi verið um 17-33% síðan 1999. Rannsóknin gefur vísbendingar um brotthvarf kvenna frá lögreglunni.

Í ljósi niðurstaðna könnunarinnar ákvað ríkislögreglustjóri að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að vinna tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar, en í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er kveðið á um í 1. gr. að unnið skuli að jafnrétti kynjanna hér á landi með því að beita kynjasamþættingu. Embætti ríkislögreglustjóra óskaði eftir tilnefningum fulltrúa frá Landssambandi lögreglumanna, Lögreglustjórafélagi Íslands, Lögregluskóla ríkisins og lögreglustjóranum á Suðurnesjum til að taka sæti í starfshópnum. Í samræmi við 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 var þess gætt að hafa hlutfall kynjanna sem jafnast og var því óskað eftir tilnefninu karls og konu.

Með bréfi ríkislögreglustjóra dagsettu 6. janúar 2014 voru skipuð Finnborg Salome Steinþórsdóttir, fulltrúi ríkislögreglustjóra sem jafnframt var skipuð formaður hópsins, Halla Bergþóra Björnsdóttir settur lögreglustjóri, fulltrúi lögreglustjórafélagsins, Árni Sigmondsson yfirlögregluþjónn, fulltrúi Lögregluskóla ríkisins Vignir Elísson rannsóknarlögreglumaður, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum og Hildur Þuríður Rúnarsdóttir lögreglumaður, fulltrúi Landssambands lögreglumanna. Tveir varamenn mættu á fundi hópsins í fjarveru fulltrúa tilnefningaradila. Ólafur Helgi Kjartansson mætti á einn fund fyrir hönd Lögreglustjórafélags Íslands og Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir á tvo fundi fyrir hönd Lögregluskóla ríkisins.

Starfshópurinn kom saman til síns fyrsta fundar 17. janúar 2014 og hélt eftir það fjóra fundi. Jafnréttisstofa útvegaði starfshópurinn upplýsingarbæklinga og handbækur um jafnréttismál og kynjasamþættingu. Leitað var til embættis ríkislögreglustjóra í Noregi og Svíþjóð og *LECD - The National Expertise Centre for Diversity and Multicultural Competences* í Hollandi og óskað var eftir gögnum er vörðuðu samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða innan lögreglunnar þar í landi. Að auki var leitað ráðgjafar hjá Jafnréttisstofu og Dr. Gyðu Margréti Pétursdóttur, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands.

Reykjavík, 17. mars 2014


Árni Sigmondsson


Finnborg Salome Steinþórsdóttir


Halla Bergþóra Björnsdóttir


Hildur Þuríður Rúnarsdóttir


Vignir Elísson

Jafnrétti í lögreglunni

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Jafnframt segir að allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessu markmiði skal náð m.a. með því að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Í 17. gr. laganna segir að kynjasambættingar skuli gætt við „... alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnanna er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvarðanatöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við á.“

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra, en hlutverk ríkislögreglustjóra er m.a. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á jafnréttismálum lögreglunnar. Starfshópur ríkislögreglustjóra hafði það hlutverk að vinna að tillögum að sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar. Í jafnréttislögum er hugtakið sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða skilgreint sem: „Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum svipum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“

Í handbókinni *Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasambættingu* er bent á að kynjasambætting eigi að snúa að þeirri þjónustu sem starfsemi veitir og er því „aðferð sem notuð er til að ná fram jafnrétti í daglegu starfi sem snertir viðskiptavinum, skjólstaðingum, umbjóðendum og annað fólk“ (Jafnréttisstofa, 2009: 6). Kynjasambætting er sú nálgun að jafnréttismál séu mál samfélagsins í heild, og að þau eigi ekki að höfða einungis til kvenna og mismununar gagnvart þeim. Það er hagur allra að vinna að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla, því kynjasambætting getur leitt í ljós bága stöðu beggja kynja. Oft er talað um að stefna eða áætlanir séu kynhlutlausar, en undir merkjum kynhlutleysis er oft litið framhjá því að staða karla og kvenna er ólík í efnahagslegum, félagslegum og pólitískum skilningi. Opinberar aðgerðir geta haft mismunandi afleiðingar og áhrif á konur og karla, og jafnvel aukið mismunun milli kynjanna, þótt slíkt hafi hvorki verið ætlað né fyrirséð.

Í handbókinni (2009) er bent á að markmið sambættingar kynja og jafnréttissjónarmiða sé:

- Að gera kyn að grundvallarforsendu í stefnumótun og ákvarðanatöku
- Að flétta kynjasjónarmið inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku
- Endurskilgreina hefðbundin hlutverk kynjanna
- Ná jafnrétti á sem flestum sviðum á sama tíma.

Til að hafa mynd af stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar hér á landi studdist nefndin við fyrrgreindra skýrslu um vinnuþróingu lögreglunnar. Starfshópurinn ákvað á fyrsta fundi sínum að hann myndi beina sjónum sínum að starfsmannaþætti lögreglunnar, en því meira sem starfsfólk lögreglu endurspeglar samfélagið því betri þjónusta getur lögreglan veitt borgurunum. Hlutverk lögreglu er m.a. að gæta almannaöryggis og leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna. Þjónusta lögreglu snertir alla hópa samfélagsins, og því mikilvægt að starfsemi lögreglu taki mið af margbreytileika samfélagsins. Þekkingu og reynsla ólíkra hópa getur nýst vel til að tryggja sem besta þjónustu við almenning, á þeim grunni á lögreglan að byggja til framtíðar. Þar af leiðandi búum við að faglegru og öflugri löggæslu í landinu.

Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist innan lögreglunnar er enn rík þörf á að hafa jafnréttismál að leiðarljósi. Starfshópurinn vill því leggja sérstaka áherslu á að unnið verði að því að bæta stöðu og kjör kvenna innan lögreglunnar. Starfshópurinn vill leggja sérstaka áherslu á vinnuþróingu lögreglunnar og að lögreglan verði sá faglegi vinnustaður sem hún á að vera. Því er mikilvægt að vinna ötulllega gegn einelti og kynferðislegri áreitni, sem og neikvæðum viðhorfum gegn konum. Slíkar áherslur gætu komið í veg fyrir „óeðlilegt“ brottþvarf kvenna, og myndi þar af leiðandi vera vænlegri vinnustaður fyrir alla – konur og karla.

Tillögur starfshópsins

Starfshópur ríkislögreglustjóra skilar eftirfarandi tillögum að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar. Tillögum starfshópsins er skipt í þrjá kafla: Staða og kjör kvenna og karla í lögreglunni, vinna gegn fordómum og einelti og kynferðisleg áreitni. Tillögurnar eru hér settar fram sem markmið, en þau endurspeglar framtíðarsýn starfshópsins. Undir hverju markmiði eru tillögur starfshópsins að aðgerðum til að ná þessum markmiðum. Starfshópurinn hefur lagt til hverjir gætu verið ábyrgðaraðilar fyrir þeim aðgerðum. Flestar aðgerðanna væru aðgerðir sem ráðast þarf í sérstaklega, en margar af þessum aðgerðum gætu tilheyrt endurskoðaðri jafnréttisáætlun lögreglunnar.

I. Staða og kjör kvenna og karla í lögreglunni

Þann 1. febrúar 2014 voru 653 lögreglumenn starfandi hjá lögreglunni, 570 karlar og 83 konur. Karlar eru í miklum meirihluta í lögreglunni, eða 87,3% allra lögreglumanna. Karlar hafa alla tíð verið mikill meirihluti lögreglumanna og hafa orðið litlar breytingar á síðastliðnum árum. Eftir að lögreglulög nr. 90/1996 tóku gildi 1. júlí 1997 fór hlutur kvenna í lögreglunni stígvaxandi og árið 2005 voru konur yfir 10% lögreglumanna. Hlutur kvenna hefur aftur á móti aukist mjög hægt síðan þá en 1. febrúar 2014 voru konur orðnar 12,7% lögreglumanna¹.

Það er ljóst að það hefur verið mikil fjölgun á konum sem útskrifast úr grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins síðastliðin 15 ár, en hlutur kvenna í lögreglunni síðastliðin ár hefur ekki aukist í takt við þá fjölgun. Ljóst er að konur eru annað hvort ekki að skila sér í störf innan lögreglunnar eftir nám sitt í Lögregluskólanum eða að mikið brotthvarf kvenna sé úr starfi. Líkt og fram kom í rannsókn um vinnumenningu og kynjatengsl lögreglunnar þá er ekki hægt að taka saman þessar upplýsingar með auðveldum hætti. Aftur á móti gefa upplýsingar um ósk á lausn frá embætti vísbendingar um brotthvarf úr starfi. Alls voru 182 lögreglumenn sem fengu lausn frá embættum á árunum 2007-2012, tæplega 84% karlar og 16% konur. Ár hvert óskuðu 2,5-11,7% starfandi kvenna í lögreglunni eftir lausn frá embætti á móti 2,2-8,7% karla². Samkvæmt greiningu embættis ríkislögreglustjóra á ástæðum brotthvarfs þá hætta flestir karlar vegna aldurs, og flestar konur hætta af öðrum ótilgreindum ástæðum. Hafa þeir í huga að sú samantekt getur aðeins gefið vísbendingar um brotthvarf kvenna og karla úr lögreglunni. Þeir aðilar, karlar og konur, sem óska eftir lausn frá embætti geta á einhverjum tímum hafa hafið störf aftur í lögreglunni, stuttu síðar eða jafnvel mörgum árum síðar. Sú alvarlega staðreynd að hlutfall kvenna í lögreglunni hafi hækkað lítillega síðan 2005, þrátt fyrir aukinn fjölda kvenna sem brautskráist úr Lögregluskólanum, gefur nægilegar vísbendingar um að konur hætti frekar störfum innan lögreglu en karlar.

Af 44 yfir- og aðstoðaryfir lögregluþjónum í lögregluliðinu er aðeins ein kona, eða 2,3%, en hún starfar hjá embætti ríkislögreglustjóra sem aðstoðaryfir lögregluþjón og var skipuð árið 2000. Af 33 aðalvarðstjórum eru tvær konur, eða 4,8%, og af 82 lögreglufulltrúum eru 15 konur, eða 18,3%. Af 127 varðstjórum eru sex konur, eða 4,7%, og af 118 rannsóknarlögreglumönnum eru 19 konur, eða 16,1%. Af 249 almennum lögreglumönnum eru 40 konur, eða 16,1% allra lögreglumanna³. Þegar þessi skýrsla er rituð þá eru fjórar stöður aðstoðar- og yfir lögregluþjóna lausar til umsóknar, og því líkur á því að kynjahlutföll geti breyst í efstu starfsstigum lögreglu. Raunin er þó sú að konur í lögreglunni hafa síður aðgang að æðstu starfsstigum þar sem þær skortir stjórnunarreynslu í störfum innan lögreglunnar, en hlutur kvenna í stöðum varðstjóra og aðalvarðstjóra er lítill. Því er mikilvægt að beina einnig sjónum að neðri starfsstigum, líkt og starfsstigi varðstjóra, en sú staðreynd að konur séu aðeins 4,7% þar segir okkur að þær hljóti síður reynslu af stjórnunarstörfum sem opna á þau tækifæri að ná auknum framgangi innan lögreglunnar.

Ekki hafa verið teknar saman upplýsingar um fjölda annarra starfsmanna lögreglu, en embætti ríkislögreglustjóra vinnur nú að því að safna slíkum upplýsingum í fyrsta sinn. Lögreglustjórar landsins eru 17 talsins, þ.m.t. ríkislögreglustjóri og skólastjóri lögregluskólans, auk þeirra eru tvær aðstoðarlögreglustjórar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Af þessum 19 stöðum eru fjórar konur og af þeim eru tvær settar. Hlutfall kvenna í þessum tveimur æðstu stjórnendastigum lögreglunnar er 21 %.

¹ Bráðabirgðatölur frá embætti ríkislögreglustjóra.

² Sjá frekari samantekt á bls. 32 í skýrslu um vinnumenningu og kynjatengsl lögreglunnar (Finnborg S. Steinþórsdóttir, 2013).

³ Bráðabirgðatölur 1. febrúar 2014 frá embætti ríkislögreglustjóra.

Undir lok árs 2013 voru þrjár konur í þessum starfsstigum, eða um 15%, en nú hefur þeim fjölgað í fjórar. Nú er til meðferðar frumvarp á Alþingi til breytingar á lögreglulögum þar sem lagt er til að embættum lögreglustjóra fækki úr fimmtán í níu. Samkvæmt frumvarpinu eiga breytingar á embættunum að taka í gildi 1. janúar 2015, og gætu kynjahlutföll lögreglustjóra breyst. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi markmið og aðgerðir:

Markmið: Að í öllum embættum lögreglu starfi aðilar af báðum kynjum	
Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
Ráðast þarf í sértækar aðgerðir innan þeirra embætta sem hafa ekki aðila af báðum kynjum starfandi. Nýta skal heimild í 9. gr. reglna ríkislögreglustjóra nr. 5/2009 og 3. mgr. 26. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, en þar kveður um að heimilt sé að auglýsa eftir umsækjendum af öðru kyninu ef tilgangurinn er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfgreinarinnar.	Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar.
Markmið: Að sett verði langtímaáætlun að auka hlut kvenna innan lögreglu. Hluttur kvenna innan lögreglu verði 20% þann 1. febrúar 2018.	
Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
Lögregluskólinn kanni inntöku fjölda nýnema með þetta að leiðarljósi. Stuðla að fjölbreyttum hópi nýnema. Unnið verði að kynningarefni og kynningu á Lögregluskóla ríkisins sem höfðar til beggja kynja og endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Lögregluskóli ríkisins opni dyr sínar og bjóði landsmönnum til að kynnast námi í skólanum, líkt og háskólarnir í landinu gera á Háskóladeginum í febrúar/mars ár hvert.	Lögregluskólinn og valnefnd Lögregluskóla ríkisins.
Að lögregluumdæmin bjóði lokaári í grunnskólum í starfskynningu hjá lögreglu, en með þeim hætti er hægt að vekja áhuga ungs fólks á lögreglunni. Slíkt eykur líkur á að ungt fólk sjái lögregluna sem vænlegan starfsvettvang og ýti undir að stelpur og strákar finni sér fyrirmyndir innan lögreglunnar.	Lögreglustjórar.
Hvetja konur til að halda áfram störfum innan lögreglunnar og gera lögregluna að eftirsóknarverðum vinnustað. Huga sérstaklega að starfsumhverfi lögreglunnar og framgang kvenna innan hennar.	Lögreglustjórar

Markmið: Stuðla að jafnari hlutfalli karla og kvenna í mismunandi störfum innan lögreglu	
Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
<p>Gerð verði úttekt á auglýsingum í störf innan lögreglunnar og meta hvort viðmið séu, meðvitað eða ómeðvitað, smíðin að öðru kyninu fremur en hinu, eða einum hópi frekar en öðrum.</p> <p>Meta hvort starfsval karla og kvenna innan lögreglu sé kynbundið (t.d. konur í rannsóknarstörf, karlar í umferðardeild/sérsvait.) - sem leiðir til þess að konur veljist í störf þar sem framgangur stoppar og minnkar líkur á því að þær komist á hærri starfsstig eða fái mannaforráð.</p> <p>Áð unnið sé markvisst að því að fjölga konum í þeim starfsstigum og stöðum þar sem lágt hlutfall kvenna starfar nú þegar.</p>	Lögreglustjórar og jafnréttisfulltrúar.
Markmið: Stuðla að auknum framgangi kvenna innan lögreglu	
Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
<p>Við auglýsingar á stöðum, skipanir og setningar á að vinna eftir faglegum vinnubrögðum og gagnsæi. Útrýma hugmyndum um „eyrnamerkta“ stöður.</p> <p>Hvetja hæfar konur til að sækja um lausar stöður.</p>	Lögreglustjórar og aðrir stjórnendur.
<p>Við val/ráðningar í stöður staðgengla, afleysingastöður og í tímabundnar setningar skal vinna eftir faglegum vinnubrögðum og gagnsæi. Allar stöður eigi að vera opnar öllum sem uppfylla hæfisskilyrði, konum og körlum, og hæfasti einstaklingurinn á að fá þessi tækifæri.</p> <p>Yfirstjórn embætta lögreglu skili embætti ríkislögreglustjóra skýrslu árlega um hvernig var staðið að vali á staðgenglum, í afleysingarstöður og við setningar.</p>	Lögreglustjórar og yfirstjórn embætta.
<p>Setja þarf reglur/leiðbeiningar um hvernig valið er í stöður staðgengla, afleysingarstöður og í tímabundnar setningar.</p>	Ríkislögreglustjóri.
<p>Áð boðið verði upp á stjórnendanámskeið. Mikilvægt væri að konur hefðu forgang á slík námskeið en það myndi stuðla að því að þær verði samkeppnishæfar fyrir stjórnendastöður innan lögreglunnar. Jafnframt ætti lögreglustjórar að hvetja konur til þess að sækja námskeiðið.</p>	Lögregluskóli ríkisins og lögreglustjórar.
<p>Starfshópurinn vill hvetja til þess að skoðað verði framgangakerfi í formi launaumbuna fyrir sérfræðinga lögreglu t.d. í rannsóknardeild, tæknideild, landamæradeild. Áð metin sé menntun lögreglumanna, námskeið sem lögreglumenn sækja sér í tengslum við starfið o.s.frv. Slíkt telur hópurinn að muni gera lögregluna að vænlegri og eftirsóknarverðari vinnustað fyrir konur og karla.</p>	Lögreglustjórar, Landssamband lögreglumanna og fjármálaráðuneytið.

Markmið: Stuðla að jafnri þátttöku í stjórnun og stefnumótun innan lögreglu

Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
<p>Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skal tryggja sem jafnast hlutfall kynja við skipan í nefndir, stjórnir, ráð, starfshópa og hvers konar vinnuhópa á vegum lögreglunnar. Skal hlutfall kyns aldrei vera minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.</p> <p>Yfirstjórn embætta lögreglu sendi embætti ríkislögreglustjóra árlega skýrslu um hvaða nefndir, stjórnir, ráð, starfshópar og vinnuhópar eru starfandi ásamt upplýsingum um kynjahlutföll í þeim.</p>	Lögreglustjórar og yfirstjórn embætta.

II. Vinna gegn fordómum

Niðurstöður rannsóknar á vinnuþvingu og kynjatengslum í lögreglunni sýndu að viðhorf til kvenna í lögreglunni væru heldur neikvæð. Konur treystu sér, og öðrum konum, til að sinna öllum verkefnum lögreglunnar en karlar virtust gera það síður. Viðhorf yngstu lögreglumanna mældust íhaldssömum sem gefur til kynna að jafnrétti innan lögreglunnar muni ekki aukast sjálfkrafa með komandi kynslóðum. Neikvæð og úreld viðhorf til kvenna eru tákni um fordóma sem mikilvægt er að uppræta. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi markmið og aðgerðir:

Markmið: Tryggja að andrúmsloft sé laust við fordóma og ólögætta mismunun - jafnt innan lögreglunnar og utan.

Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
Endurskoðaðar verði siðareglur lögreglu frá 2003. Í slíkum siðareglum þarf að vera lögð áhersla á að starfsfólk lögreglu starfi af virðingu gagnvart öllum hópum samfélagsins, og að starfsfólk eigi aldrei að ganga út frá því vísu að allir séu í sömu eða sambærilegri stöðu.	Ríkislögreglustjóri fyrir árslok 2014.
Í endurskoðuðum siðareglum verði sérstök áhersla lögð á siðferði og samskipti á vinnustaðnum. Að auki unnið að því að draga úr neikvæðum viðhorfum sem hafa mælt gagnvart konum í lögreglunni.	
Að í endurskoðuðum siðareglum verði skýr afmörkun á ábyrgð starfsmanna og því sem vænst er af þeim. Starfshópurinn leggur til siðareglur Íþróttá- og ungmennafélag Keflavíkur (Viðauki I) og siðareglur stjórnarráðsins (Viðauki II).	
Endurskoðaðar siðareglur verði kynntar öllum starfsmönnum lögreglu.	Lögreglustjórar og jafnréttisfulltrúa um leið og nýjar siðareglur hafi verið gefnar út.
Vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um lögreglukonur og fordómum í þeirra garð innan lögreglunnar með átaki eða reglubundinni fræðslu. Unnið verði að fræðsluefni um jafnréttismál, með sérstakri áherslu á að bjóta niður neikvæðar staðalmyndir og vinna að jöfnuði og virðingu.	Jafnréttisfulltrúi lögreglu.
Eftir að fræðsluefni hefur verið unnið þá fái allir lögreglumenn fræðslu um jafnréttismál.	Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar. Mikilvægt að farið verði í átak þar sem jafnréttisfulltrúi lögreglunnar heimsæki öll embættin með fræðslu. Jafnréttisfulltrúar embættanna myndu taka þátt í fræðslu innan sinn embætta.
Ríkari áhersla fræðslu um jafnréttismál hjá nemendum í grunnskóla Löggluskóla ríkisins. Sérstök áhersla lögð á að bjóta niður neikvæðar staðalmyndir og vinna að jöfnuði og virðingu.	Löggluskóli ríkisins.
Aukin áhersla á siðferði og siðareglur í grunnnámi við Löggluskóla ríkisins	

III. Einelti og kynferðisleg áreitni

Niðurstöður rannsóknar á vinnumeningu og kynjatengslum í lögreglunni sýndu að tæplega 18% lögreglumanna töldu sig þolendur eineltis í lögreglunni, eða 25% kvenna og 17% karla. Tæplega 31% kvenna og 4% karla í lögreglunni töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni í lögreglunni. Lögreglumennirnir bentu á að gerendur væru samstarfsmenn og yfirmenn. Starfshópurinn harmar þessar niðurstöður, en rannsóknir sýna að afleiðingar fyrir þolendur geta spannað allt frá óróa og kvíða til stöðugar streitu, vanlíðanar og veikinda (Vinnuefirlitið, 2008). Mikilvægt er að uppræta þennan vanda innan lögreglunnar. Atvinnurekendur eiga að tryggja að starfsumhverfi sé gott bæði frá félagslegu og andlegu sjónarmiði og þeim ber skylda að láta einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað ekki viðgangast. Starfshópurinn leggur til eftirfarandi markmið og aðgerðir:

Markmið: Tryggja að kynferðisleg áreitni og einelti verði ekki liðið innan lögreglunnar og stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum

Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
Endurskoða siðareglur lögreglunnar frá 2003 og leggja ríka áherslu á að einelti og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin.	Ríkislögreglustjóri fyrir lok árs 2014.
Útbúnar verði leiðbeiningar/verklagsreglur fyrir alla starfsmenn lögreglu um hvernig unnt er að leita sátta í deilum. Mikilvægt er að brugðist sé, eins fljótt og auðið er, við vandamálum, árekstrum og samskiptaörðugleikum á vinnustaðnum.	Ríkislögreglustjóri fyrir lok árs 2014.
Leiðbeiningar/verklagsreglur eiga að vera kynntar fyrir starfsfólki lögreglu.	Lögreglustjórar og yfirstjórn embætta.
Sérstaklega þarf að setja alla þá sem fara með mannaforráð inn í slíkar leiðbeiningar.	
Ýta undir jákvæðan starfsanda og umburðarlyndi gagnvart einstaklingsmun á vinnustaðnum. Stjórnendur þurfa að sýna gott fordæmi.	Lögreglustjórar, yfirstjórn embætta og allir sem fara með mannaforráð innan lögreglunnar.
Að tekið sé á vandamálum strax og þau litin alvarlegum augum.	
Að þeir sem hafa skilgreinda ábyrgð á eineltismálum innan vinnustaðarins fái viðeigandi fræðslu svo þeir verði færir um að taka á einelti og kynferðislegri áreitni komi það upp.	Lögreglustjórar.

Markmið: Auka þekkingu á hvað einelti og kynferðislegri áreitni er og hvernig hægt er að sporna gegn því.

Aðgerðir:	Ábyrgðaraðilar:
Haldnir verði fræðslufundir fyrir lögreglumenn, aðra starfsmenn lögreglu og stjórnendur um einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni, um mannleg samskipti, jafnrétti og siðferði.	Jafnréttisfulltrúi lögreglu
Kynna þau úrræði sem eru í boði fyrir lögreglumenn, hvernig verklag er o.s.frv.	
Fræðsla um einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni, um mannleg samskipti, jafnrétti og siðferði og kynning, fyrir nemendur í grunnskóla Löggluskóla ríkisins, á þeim úrræðum sem eru í boði.	Lögregluskólinn og jafnréttisfulltrúi lögreglu.

Heimildir

Þinnborg Salome Steinþórsdóttir. (2013). *Vinnumenning og kynjatengsl lögreglunnar: Af hverju eru konur svo fámenningar meðal lögreglumanna?* Sótt þann 10. febrúar 2014 af: <http://logreglan.is/upload/files/Vinnumenning%20og%20kynjatengsl%20l%F6ggreglunnar.pdf>

Jafnréttisstofa. (2009). *Jöfnun leikinn: Handbók um kynjasambættingu*. Akureyri: Jafnréttisstofa og Samtíga.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lögreglulög nr. 90/1996.

Vinnueftirlitið. (2008). *Einelti og kynferðisleg áreitni á vinnustöðum: Forvarnir og viðbrögð* (2. útgáfa). Reykjavík: Vinnueftirlitið.